

Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

9. fundur stjórnar 2022-2023 þriðjudaginn 10. janúar 2023

kl. 12.30 – 13.30 á skrifstofu félagsins Bændahöllinni v/Hagatorg

Mætt: Pétur Henry Petersen formaður, Engilbert Sigurðsson, Guðný Björk Eydal, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ingibjörg Svala Jónsdóttir, Ólafur Páll Jónsson. Þóroddur Bjarnason á Teams.

Forföll: Grétar Þór Eyþórsson.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Gestur: Dr. Þorgerður Einarsdóttir prófessor.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Dr. Þorgerður Einarsdóttir kynnir skýrslu um framgang og jafnrétti.
2. Fundargerð 8. stjórnarfundar frá 3. janúar 2023 lögð fram til afgreiðslu.
3. Yfirvinna utan háskólanna – reglur/viðmið?
4. Laun vegna aðstoðar við samningagerð.
5. Einföldun/hreinsun stofnanasamninga fyrir næstu kjaraviðræður.
6. Önnur mál.

Fylgiskjöl með fundargerð:

1. Glæsur ÞE um framgang og jafnrétti háskóla.
2. Fundargerð 8. stjórnarfundar frá 3. janúar 2023.
3. Frá formanni um kjaraviðræður FPR.
 - a) Staðan í kjaraviðræðum 2023.
 - b) Kröfugerðir FPR 2023 (drög).
 - c) Sérstaða prófessora og kröfur til starfsins (skjal í vinnslu).
4. Trúnaðarmannanámskeið ársins 2023. Tölvupóstur frá BHM dags. 9. janúar 2023.

Pétur Henry Petersen formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.20.

1. Dr. Þorgerður Einarsdóttir kynnir skýrslu um framgang og jafnrétti háskóla. (Fskj. 1)
ÞE kynnti efni skýrslunnar Jafnrétti og háskólastöður. Framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, höfundur Finnborg Salome Steinþórsdóttir, útg. Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Formaður þakkaði ÞE fyrir kynninguna og fór hún af fundi.

2. Fundargerð 8. stjórnarfundar frá 3. janúar 2023 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 2)
Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

3. Yfirvinna utan háskólanna – reglur/viðmið?

Formaður rifjaði upp mál sem rætt var um á stjórnarfundi þann 6. desember sl. varðandi kröfu um greiðslur fyrir yfirvinnu eftir að hún var unnin. Rætt var mikilvægi þess að setja skýr viðmið og gera samninga fyrirfram. Það sé ekki endilega hlutverk félagsins að taka afstöðu til yfirvinnu vegna rannsókna eða sérverkefna en mikilvægt sé að veita ráðgjöf eftir aðstæðum. Ef hefð er fyrir greiðslu yfirvinnu félagsfólks, en verið er að gera nýja samninga, er það álit formanns að eðlilegast sé að greiða þá yfirvinnu fram að þeim tíma er samningar taka gildi.

4. Laun vegna aðstoðar við samningagerð.

Formaður upplýsti að hann hafði samband við sérfræðing hjá Hagfræðistofnun sem hefur reynslu að launaútreikningum í tengslum við kjarasamningagerð. BHM hefur útvegað skapalón sem hægt er að nota en við þurfum aðstoð við að gera stærri úttekt til að sjá hver þróunin hefur verið. Samþykkt var að fá aðstoð við útreikninga ef þurfa þykir. Formaður og framkvæmdastjóri vinna áfram með málið.

5. Einföldun/hreinsun stofnanasamninga fyrir næstu kjaraviðræður.

Formaður hefur skoðað málið varðandi tillögu um að einfalda stofnanasamningana í tengslum við kjarasamninga á þessu ári. Ljóst er að það verður ekki gert að þessu sinni þar sem útlit er fyrir því að um skammtímasamning verði að ræða. Varðandi stofnanasamningana þá eru þeir sambærilegir en það sem skilur á milli eru greiðslur fyrir kennslufirvinnu, rannsóknarmissemi og tilvist samráðsnefndar um yfirvinnu sem dæmi.

6. Önnur mál.

a) Kjarasamningar og áherslur FPR. (Fskj. 3a-c)

Kaupmáttaraukning meðal prófessora frá 2018 er lítil sem engin í samanburði við önnur félög innan BHM. Mörg eru með námslán og tími á vinnumarkaði er styttri ef borið er saman við aðra hópa sem kemur niður á ævitekjum. Þá hafa prófessorar ekki notið góðs af styttingu vinnuvikunnar. Nauðsynlegt er að fá leiðréttingu á launakjörum með tilliti til þessara þátta í þeim skammtímakjarasamningi sem unnið er að. Þá þarf að gera úttekt á launakjörum prófessora aftur í tímamann til að sjá þróunina og fá samanburð við aðra hópa með tilliti til menntunarstigs og aldurs sem komi inn í næstu kjarasamningum þar á eftir sem verða væntanlega til lengri tíma. Vilhjálmur Hilmarsson hagfræðingur hjá BHM er að vinna að minnisblaði sem sýnir hver kaupmáttaraukningin er hjá FPR.

Pétur óskaði eftir samþykki stjórnar um að fá að senda stjórnir FH og FHA kröfur félagsins sem drög sem eru í vinnslu. Æskilegt er að fá stuðning fleiri aðildarfélaga innan BHM. Það var samþykkt.

b) Námskeið BHM fyrir trúnaðarmenn 2023. (Fskj. 4)

Framkvæmdastjóri sagði frá námskeiði fyrir trúnaðarmenn sem BHM stendur fyrir 23. febrúar nk. frá kl. 9-13.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 14.10.
Fundarritari: LÞ.